



ÍSAFJARÐARBÆR

Deiliskipulag

Dagverðardalur



Teiknistofan Eik ehf.

Suðurgata 12 • 400 Ísafjörður
s.4560160 • www.teiknistofan.is

Greinargerð

Ágúst 2011

Deiliskipulagstillagan var auglýst skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga frá 23. desember með athugsemdafresti til
3. febrúar 2011.

Deiliskipulagið var samþykkt í umhverfisnefnd 9. febrúar 2011
og í bæjarstjórn 24. febrúar 2011.

Bæjarstjóri

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í
B-deild Stjórnartíðinda _____ 2011.

Efnisyfirlit

1	Forsendur	4
1.1	Markmið.....	4
1.2	Málsmeðferð og kynning	4
1.3	Önnur skipulagsgögn	5
1.4	Staða skipulags.....	5
1.5	Staðhættir.....	7
1.5.1	Skipulagssvæðið.....	7
1.5.2	Fyrirliggjandi byggð	7
1.5.3	Veðurfar	8
1.5.4	Útivist	8
1.5.5	Menningarminjar	8
1.5.6	Náttúruvá	8
2.	Deiliskipulag.....	10
2.1	Landnotkun	10
2.2	Landmótun.....	11
2.3	Lóðir, gerð húsa og byggingarreitir	11
2.3.1	Íbúðarlóðir.....	12
2.3.2	Sumarhúsalóðir	12
2.3.3	Iðnaðarlóðir	12
2.4	Bílastæði.....	12
2.5	Gönguleiðir og almenningssamgöngur.....	12
2.6	Reiðleiðir.....	13
2.7	Útivistarsvæði.....	13
2.8	Frágangur	13
3	Heimildir.....	17

1 Forsendur

1.1 Markmið

Markmiðið er að auka framboð á fjölbreyttum lóðum, hvort sem er fyrir íbúðir, sumarhús eða iðnað. Lögð er áhersla á að skapa hverfi með blandaða byggð, þar sem náttúruleg gæði svæðisins eru varðveitt. Jafnframt er lögð áhersla á að hverfið tengi saman Tunguhverfi og Holtahverfi.

1.2 Málsmeðferð og kynning

Vinna við gerð deiliskipulagsins hófst haustið 2007. Á 293. fundi sínum þann 30.6.2008 fjallaði umhverfisnefnd um framkomna tillögu. Vinna við deiliskipulagið lá niðri vegna vinnu við Aðalskipulag Ísafjarðar 2008-2020 en hófst aftur vorið 2010.

Á 332. fundi sínum, þann 26. maí 2010, lagði umhverfisnefnd það til við bæjarstjórn að tillagan yrði auglýst með þeim breytingum sem nefndin lagði til. Bæjarstjórn samþykkti, á 279. fundi sínum þann 3. júní, að tillagan yrði auglýst. Tillagan var auglýst frá 19. júlí, með athugasemdarfrest til 30. ágúst 2010.

Á auglýsingartímanum bárust tvær athugasemdir. Annarsvegar kom athugasemd frá sumarhúsaeigendum og hinsvegar frá hestamannafélaginu Hendingu, þar sem bent var á að reiðleið skv. aðalskipulagi vantaði í deiliskipulagið. Að auki lagði umhverfisnefnd til, 337. fundi sínum þann 8.9.2010, að deiliskipulagið yrði tekið til endurskoðunar. Bæjarstjórn samþykkti fundargerð umhverfisnefndar á 283. fundi sínum þann 16.9.2010. Í kjölfarið var mörkum skipulagsins breytt, þannig að 12 íbúðarlóðir féllu út. Jafnframt var reiðleiðinni bætt inn á jaðar svæðisins skv. gildandi aðalskipulagi.

Skipulagstillagan var tekið fyrir í bæjarstjórn á fundi þann 4. nóvember 2010, þar sem samþykkt var að auglýsa hana að nýju.

Tillagan var auglýst frá og með 23. desember til 20. janúar með athugasemdafresti til 3. Febrúar 2011. Tvær nýjar athugasemdir bárust; frá Magðalenu Sigurðardóttur og sumarhúsaeigendum. Á fundi 9. febrúar tók umhverfisnefnd fyrir framkomnar athugasemdir auk athugasemda frá fyrri auglýsingu. Nefndin lagði til við bæjarstjórn að tillagan yrði samþykkt óbreytt. Bæjarstjórn samþykkti skipulagið á fundi þann 24. febrúar 2011.

Skipulagsstofnun gerði athugasemdir við skipulagið í yfirferð dags. 1. apríl 2011. Þar komu m.a. fram athugasemdir varðandi fjarlægð byggingarreita frá lóðarmörkum á sumarhúsalóðum og staðsetningu byggingarreits Dyngju sem er innan hættusvæðis vegna ofanflóða og skilmálum fyrir nýtingu húsnæðisins. Jafnframt var bent á að gæta þess að skipulagið skarist ekki við afmörkun gildandi deiliskipulags; Deiliskipulag í hlíðum Kubba ofan Holtahverfis.

Í framhaldinu óskaði bæjarstjórn eftir því við Umhverfisráðuneytið, í erindi dags. 9. maí 2011, að fá undanþágu frá gr. 4.11.2 í skipulagsreglugerð varðandi

fjarlægð byggingarreita frá lóðarmörkum frístundalóða skv. deiliskipulaginu. Ráðuneytið óskaði eftir umsögn Skipulagsstofnunar, í erindi dags. 16. júní 2011. Skipulagsstofnun óskaði eftir því, í bréfi dags. 29. júní 2011, að Ísafjarðarbær endurmæti skipulagstillöguna með tilliti til fjarlægðar byggingarreita og rökstyðji hvar og hvers vegna ekki er unnt að mæta ákvæðum reglugerðar.

Skipulagið var því endurmetið og fjarlægð byggingarreita frá lóðarmörkum aukin þar sem því var viðkomið. Í þeim tilvikum þar sem ekki var unnt að mæta ákvæðum reglugerðar er það rökstutt í greinargerð þessari.

Þá var skerpt á skilmálum Dyngju sem sumarhúss í samræmi við núverandi nýtingu og birtingu á uppdrætti, þannig að athugasemd Skipulagsstofnunar varðandi Dyngju á ekki lengur við.

Skipulagsmörkum var jafnframt breytt til samræmis við afmörkun gildandi deiliskipulags ofan Holtahverfis, þó aðeins að hluta til. Afmörkun gildandi skipulags er staðsett ónákvæmt þannig að hún þverar lóðir og byggingar, þ.á.m. sumarhús í Dagverðardal. Ákvæði skipulagsins eru almenn og hafa enga þýðingu fyrir viðkomandi sumarhús. Mörkum gildandi deiliskipulags hjá umræddri lóð er því breytt samhliða deiliskipulagi þessu, skv. 3. mgr. 44. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010, enda litið svo á að um ónákvæmni á uppdrætti hafi verið að ræða.

1.3 Önnur skipulagsgögn

Deiliskipulag, dags. ágúst 2011. Dagverðardalur. Uppdráttur 1:1500 / A1.

1.4 Staða skipulags

Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu.

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir íbúðarbyggð, sumarhúsabyggð og iðnaðarhverfi.



Mynd 1 Séð frá Djúpvegi, upp með Úlfsá að skipulagssvæðinu. Holtahverfi er til vinstri og Fagrihvammur til hægri.



Mynd 2 Séð yfir Skutulsfjörð frá lóð nr. 8 við H-götu. Seljalandshverfi er til vinstri, Tunguhverfi vinstra megin miðju og Holtahverfi til hægri. Lóð Vegagerðarinnar er fyrir miðri mynd og sumarhúsið Dagverðardalur 11 lengst til vinstri.

1.5 Staðhættir

1.5.1 Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið sem er tæpir 23 ha að stærð, liggur vestur af Hnífum í mynni Dagverðardals. Svæðið er í 15-100 m h.y.s. og hallar til suðvesturs. Gott útsýni er yfir Eyrina og Djúpið.

Nyrðri hluti svæðisins er holt, vaxið berjalyngi og holtagróðri, en þar er einnig gamall túnblettur. Neðri hluti svæðisins liggur að Úlfsá og er grasi gróinn, eldri tún að hluta til.

Norðan við svæðið er nýlegt skógræktarsvæði. Norðan við það er þjóðvegur 60 en handan við hann er íbúðarhverfið Tunguhverfi. Vestan við skipulagssvæðið eru opin svæði, auk grjótnámu við Úlfsá. Skv. gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir að námunni verði lokað á fyrri hluta skipulagstímabilsins.

Að sunnanverðu afmarkast svæðið af Úlfsá og nágrenni hennar. Handan árinna er íbúðarhverfið Holtahverfi. Austan skipulagssvæðisins er býlið Fagrihvammur.

1.5.2 Fyrirliggjandi byggð

Innan skipulagssvæðisins eru níu sumarhús byggð á árunum 1960 og 1970 en eitt húsanna er þó byggt árið 1990. Vestast á svæðinu er skátaskálinn Dyngja sem reist var árið 1970 og er sumarhús skáta. Áður hafði skátaskálinn staðið niður við á, sá bústaður var byggður árið 1930. Lóðir sumarhúsanna eru litlar enda hverfið gamalt og hús því nær lóðarmörkum en gildandi reglugerð segir til um. Að auki er á svæðinu aðsetur Vegagerðarinnar á Vestfjörðum, byggt á árunum 1978-90 og austast er verkstæði í braggabyggingu, byggð árið 1982. Ekkert íbúðarhús er á svæðinu, en það liggur, að hluta til, á milli íbúðarhervanna Holtahverfi og Tunguhverfi.

Tafla 1. Byggingarár og stærð bygginga innan skipulagssvæðisins.

	Byggingarár	Núv. stærð í m ²
Dagverðardalur 1	1990	44,4
Dagverðardalur 2	1960	28,7
Dagverðardalur 3	1970/1975	75,9
Dagverðardalur 4	1970	38,8
Dagverðardalur 5	1970	35,7
Dagverðardalur 6	1960	27,6
Dagverðardalur 7	1970	25,5
Dagverðardalur 11	1970	53,8
Dyngja	1970	65
Verkstæði (braggabygging)	1982	147,7
Vegagerð - Skrifstofa	1978	517,3
Vegagerð - Vélaverkstæði	1980	479,8
Vegagerð - Áhaldahús	1990	115,2
Samtals		1655,4

Meðalstærð sumarhúsa eru tæpir 44 m² en byggingar Vegagerðarinnar eru rúmir 1100 m² og verkstæðið er tæpir 150 m². Heildarbyggingarmagn á svæðinu eru tæpir 1700 m².

Fyrir opnun jarðganga undir Breiðadals- og Botnsheiði lá þjóðvegur 60 um Dagverðardal. Vegurinn er nú nýttur sem aðkomuvegur að byggð á svæðinu sem og efnisnámu og útivistarsvæðum á Breiðadalsheiði.

1.5.3 Veðurfar

Svæðið liggur tiltölulega vel við hvað varðar veðurfar. Þar er mun lygnara en er á Skeiði, en þó ekki eins lygnt og í Tunguskógi. Helst er svæðið opið fyrir norðanáttum. Kvöldsólar nýtur við á svæðinu en skuggi er af Kubbanum í stuttan tíma í hádeginu, þann tíma sem sól er ekki hæst á lofti.

1.5.4 Útivist

Skipulagssvæðið er í góðum tengslum við útivistarsvæði. Þétt upp við svæðið að norðanverðu er unnið að uppbyggingu skógræktarsvæðis sem ætlað er til útivistar. Sunnan við svæðið er Úlfsá, en skv. gildandi aðalskipulagi er svæðið kringum hana helgað útivist. Í Tungudal eru gamalgróin útivistarsvæði s.s. golfvöllur og skógræktarsvæði. Sunnan við Úlfsá og vestan við Holtahverfi er gert ráð fyrir skipulögðu útivistarsvæði sem mótvægisaðgerð vegna byggingu snjóflóðavarna. Berjalönd eru allt í kringum svæðið og á efri hluta þess.

Á Breiðadalsheiði er skotæfingasvæði og skv. gildandi aðalskipulagi er einnig gert ráð fyrir svæði þar fyrir akstursípróttir. Fjölmargar gönguleiðir liggja frá svæðinu s.s. á Hnífa og í Tungu- og Dagverðardal.

1.5.5 Menningarminjar


Skv. Fornleifaskrá eru engar fornminjar á svæðinu. Rétt sunnan við Úlfsá, utan við skipulagssvæðið, eru skráðar minjar um sel. Nokkrar minjar eru einnig skráðar norðan við Vestfjarðaveg, einnig utan skipulagssvæðisins.

1.5.6 Náttúruvá

Veðurstofa Íslands vann hættumat vegna ofanflóða fyrir m.a. Dagverðardal sem birtist í greinargerð dags. ágúst 2007 og korti dags. apríl 2008. Skv. matinu er nánast allt skipulagssvæðið utan hættusvæða vegna ofanflóða. Þó er eitt hús, skátaskálinn Dyngja, á hættusvæði A og hættumatslína A nemur við sumarhúsið að Dagverðardal 11.

Ásættanleg áhætta er skilgreind í 11. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats m.s.br. Í frístundahúsum telst áhætta ásættanleg ef staðaráhætta er minni en 5 af 10.000 á ári. Við ákvörðun þessara marka hefur verið miðað við 5% viðveru í frístundahúsi. Þar segir einnig að ástæða geti verið til þess að gera meiri kröfu til öryggis en kveðið er á um í 1. mgr., t.d. ef gert er ráð fyrir mikilli viðveru fólks

að vetrarlagi í frístundahúsi. Skátaskálinn Dyngja er því vel innan við þau viðmiðunarmörk sem gilda fyrir sumarhús.



Mynd 1.3 Brot úr hættumatskorti VÍ; Hættumat vegna ofanflóða fyrir Ísafjörð, apríl 2008.

2. Deiliskipulag

2.1 Landnotkun

Svæðið er ætlað fyrir íbúðarbyggð, sumarhúsabyggð og léttan iðnað. Gert er ráð fyrir nýrri íbúðarbyggð með 60 lóðum og fjölgun sumarhúsalóða um 22. Einnig er gert ráð fyrir 10 nýjum lóðum fyrir léttan iðnað í nágrenni við lóð Vegagerðarinnar.

Tafla 2.1 Fjöldi lóða á skipulagssvæðinu

	núverandi	nýjar	Samtals
Íbúðarlóðir - einbýli	0	36	36
Íbúðarlóðir - raðhús	0	24	24
Sumarhúsalóðir	9	22	31
Iðnaðarlóðir	2	10	12
Samtals	11	92	103

Gert er ráð fyrir að viðhalda því yfirbragði sem er á sumarhúsabyggðinni, með litlum lóðum og þéttri, smágerðri byggð. Áhersla er lögð á að byggðin færist ekki nær ánni. Ekki er gert ráð fyrir stærri frístundahúsum en 60 m².

Gert er ráð fyrir að nýta núverandi veg, sem liggur upp dalinn, sem safnbraut fyrir hverfið. Frá henni liggja botnlangar að íbúðar- og sumarhúsalóðum en gegnumakstur verður um iðnaðarlóðirnar. Lögð er áhersla á að safnbrautin verði með lágmarksbreidd fyrir slíka götu og að umhverfi hennar verði vistlegt, með áherslu á trjágróður. Ekki er gert ráð fyrir lóðum nær safnbrautinni en 15 m.

Áhersla er lögð á góð göngutengsl innan hverfisins og við aðliggjandi hverfi. Skv. gildandi deiliskipulagi fyrir Tungudal er fyrirhugað að gera göng fyrir gangandi vegfarendur undir Vestfjarðaveg, sem þannig tengir Tunguhverfi við Dagverðardal og Holtahverfi. Á holti sunnan við undirgöngin er svæði sem segja má að sé miðpunkturinn milli þessara hverfa. Þar er gert ráð fyrir útivistarsvæði með leiktækjum og dvalarsvæði. Svæðið liggur vel við öllum hverfunum og getur þannig tengt saman íbúa þeirra.

Sérstök áhersla er lögð á að varðveita sem mest af gæðum svæðisins, s.s. nálægðina við náttúruna. Lóðir og götur eru aðlagðar að landslaginu og áhersla lögð á bein tengsl lóða við náttúruna, þ.e. að sem flestar lóðir liggja að óbrotnu landi. Leitast er við að halda umhverfi Úlfsár sem mest ósnortnu. Ekki er gert ráð fyrir að byggt verði nær Úlfsá en þegar hefur verið gert. Miðað er við að almennt verði byggingar ekki nær ánni en 50 m.

Gert er ráð fyrir að lóðir við F-götu komi til úthlutunar þegar Dagverðardalsnámu hefur verið lokað.

2.2 Landmótun

Leitast skal við að laga byggðina að landslaginu. Áhersla skal lögð á að götur liggi vel í landinu og fylgi því eins og kostur er, þannig að landmótun og rask verði í lágmarki. Einnig skal leitast við að takmarka landmótun vegna lóða og áhersla lögð á að byggingar henti landslaginu á hverjum stað.

Til að skerða ekki gæði svæðisins skal lögð áhersla á að vernda gróður utan lóða, einkum lyng og annan gróður sem hefur útivistargildi fyrir íbúa.

2.3 Lóðir, gerð húsa og byggingarreitir

Byggingarreitir eru a.m.k. í 3 m fjarlægð frá lóðarmörkum og skulu byggingar staðsettar innan þeirra.

Á neðra sumarhúsasvæðinu (merkt F16, F17 og F18) eru núverandi lóðir litlar og sumar byggingar mjög nálægt eða á lóðarmörkum. Á nýjum lóðum innan þessa svæðis er leitast við að auka fjarlægð frá lóðarmörkum, þó þannig að yfirbragð svæðisins breytist ekki. Megináhersla er lögð á að byggðin færist ekki nær ánni. Fjarlægð byggingarreita frá lóðarmörkum er því í mörgum tilfellum minni en 10 m, sem er það sem gildandi reglugerð segir til um. Þetta er gert til að staðsetja stækkunar- og/eða breytingarmöguleika sem fjærst ánni. Leitast er við að hafa bil milli byggingarreita yfir 20 m, en það er aldrei undir 10 m.

Á efra sumarhúsasvæðinu eru byggingarreitir að jafnaði 10 m frá lóðarmörkum. Í sumum tilvikum, þar sem lóðir eru litlar, er vikið frá þeirri reglu. Þá er byggingarreitur færður nær lóðarmörkum á þeirri hlið sem snýr að götu eða óbyggðu landi. Fjarlægð milli byggingarreita er þó aldrei minni en 20 m á þessu svæði. Enginn byggingarreitur er innan helgunarsvæðis árinna, nema á þeirri lóð sem þegar er byggð.

Skátaskálinn Dyngja er innan hættusvæðis A, en þar eru sumarhús heimil skv. hættumati fyrir svæðið. Byggingarreitur er staðsettur þannig að ekki verði byggt nær hættumatssvæði B en þegar er gert.

Við staðsetningu húss á lóð skal leitast við að kostir lóðarinnar verði nýttir sem best. Minni háttar útbyggingar út fyrir byggingarreit eru leyfðar svo framarlega að sýnt sé fram á að lóð og bygging þoli slíka útbyggingu og skerði ekki gæði nágrannalóðar. Slíkar útbyggingar skulu samræmast 4. kafla byggingarreglugerðar og lagðar fyrir umhverfisnefnd.

Á þegar byggðum lóðum er heimilt að stækka núverandi byggingar innan byggingarreits, þó þannig að heildarbyggingarmagn verði innan þess hámarks sem sett er fyrir viðkomandi lóð.

Hæðarsetning á lóðarmörkum skal vera skv. lóðarblöðum, en forðast skal stöllum á lóðarmörkum.

Um smáhús gilda sérstakar reglur sem settar eru af sveitarfélaginu. Hús undir 10 m² mega standa utan byggingarreits, enda samræmist þau skilgreiningu þessara reglna um dúkkuhús (<6 m²) eða smáhús (6-10 m²).

2.3.1 Íbúðarlóðir

Nýtingarhlutfall er 0,35 að hámarki.

Innan byggingarreits er heimilt að reisa 1-2ja hæða íbúðarhús ásamt hugsanlegum kjallara og/eða risi.

Öll hugsanleg stöllum skal gerð innan lóðar. Fjarlægð stalla/fláa frá lóðarmörkum skal vera a.m.k. jöfn hæð þeirra, flái skal ekki vera brattari 1:3, nema þar sem óhreyft landslag býður upp á betri lausnir.

2.3.2 Sumarhúsalóðir

Sumarhús skulu vera 60 m² að hámarki.

Innan byggingarreits á nýjum lóðum er heimilt að reisa 1 hæðar sumarhús ásamt hugsanlegum kjallara og/eða risi.

Við viðhald og breytingar á skátaskálanum Dyngju skal leitast við draga úr áhættu vegna ofanflóða. Við hugsanlega endurbyggingu skal húsið staðsett á þeim hluta byggingarreits sem er utan hættusvæða.

2.3.3 Iðnaðarlóðir

Á nýjum lóðum fyrir léttan iðnað er gert ráð fyrir háu nýtingarhlutfalli eða 0,8, enda er gert ráð fyrir að sem mest af starfseminni verði innanhúss.

Innan byggingarreits á nýjum lóðum er heimilt að reisa 1-2hæðar iðnaðarhús fyrir léttan iðnað ásamt hugsanlegum kjallara og/eða risi. Hámarkshæð húss frá gólfi að mæni er 10,5 m.

2.4 Bílastæði

Almennt skulu bílastæði vera á lóð, nema á sumarhúsalóðum á austasta hluta svæðisins, þar er gert ráð fyrir bílastæðum utan lóðar.

Staðsetning bílastæða, sem sýnd eru á uppdrætti, eru ekki bindandi.

Bílastæði á iðnaðarlóðum eru ekki sýnd á uppdrætti. Fjöldi bílastæða skal vera í samræmi við grein 64.6 í 3. kafla byggingarreglugerðar nr. 441/1998 m.s.br.

2.5 Gönguleiðir og almenningssamgöngur

Göngustígar skulu lagðir þannig að þeir þjóni íbúum sem samgönguleiðir innan hverfisins, til annarra hverfa eða almenningssamgangna. Göngustígar skulu liggja vel í landinu en aðalleiðir skulu jafnframt vera færar öllum.

Áhersla er lögð á aðgengilegar almenningssamgöngur þannig að góð tengsl verði við aðra bæjarhluta. Á uppdrætti eru strætisvagnabiðskýli sýnd til skýringar.

2.6 Reiðleiðir

Í jaðri skipulagssvæðisins er gert ráð fyrir reiðleið sem er hluti af stærra reiðleiðakerfi bæjarins. Leiðin liggur frá ofanverðu Holtahverfi, upp með nýja hverfinu meðfram ánni og inn á veginn upp á Breiðadalsheiði. Á kafla liggur leiðin samhliða göngustíg. Lágmarka skal rask í nágrenni árinna og þess gætt að sem minnstir árekstrar verði milli mismunandi notkunar landsins.

2.7 Útivistarsvæði

Segja má að allt land utan lóða sé helgað útivist. Megináhersla er þó lögð á að varðveita berjalönd í efrihluta hverfisins, sem og allt nágrenni árinna. Almennt skal ekki byggt nær ánni en 50 m, með minniháttar undantekningum á þegar byggðum svæðum.

Á holtinu, sunnan undirganga undir þjóðveginn, er gert ráð fyrir skipulögðu útivistarsvæði. Þar er gert ráð fyrir trjárækt en einnig aðlaðandi dvalarsvæði ásamt skipulögðu leiksvæði. Áhersla er lögð á að nýta nálægðina við ána og annað náttúrulegt umhverfi, en jafnframt að ónæði við núverandi sumarhús verði haldið í lágmarki.

2.8 Frágangur

Gert er ráð fyrir áframhaldandi trjárækt utan lóða á svæðinu. Þess skal þó gætt að skerða ekki óhóflega útsýni af lóðum við götur D, G og H, en þar er útsýni einn stærsti þáttur í gæðum hverfisins. Jafnframt er mikilvægt að hlífa aðgengilegu berjalandi við trjárækt.

Sérstök áhersla er lögð á trjárækt á lóðum á iðnaðarsvæðinu, til að milda hugsanlega neikvæða ásjúnd.

Mynd 4 Skýringarmynd

Mynd 5 Staðsetning Sniða

Mynd 6 Snið

3 Heimildir

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 ásamt umhverfismatskýrslu.

Jón Þ. Þór 1990. Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna. IV. bindi 1921-1945. Sögufélag Ísfirðinga, Ísafirði.

Ragnar Edvardsson og Ruth A. Maher 2002. Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ. I . hluti Eyrarhreppur hinn forni. Náttúrustofa Vestfjarða.

Veðurstofa Íslands 2007. Hættumat fyrir Seljalandshverfi, Tunguskeið, Tungudal og Dagverðardal, greinargerð.

Veðurstofa Íslands 2008. Hættumat vegna ofanflóða fyrir Ísafjarðarbæ, apríl 2008. Hættumatskort.